

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 10. apríl 2025

Mál nr. E-3894/2024:

A

(Klara Óðinsdóttir lögmaður)

gegn

VÍS tryggingum hf.

(Telma Sif Reynisdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 25. júní 2024 af A á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, nú VÍS tryggingar hf. Málið var dómtekið 20. mars 2025.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að vinnuslys hennar [...] 2021 sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu sem vinnuveitandi hennar, B ehf., kt. [...], hafði í gildi hjá stefnda, VÍS tryggingum hf., á slysdegi. Stefnandi krefst málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi.

Með bréfi til dómsins 20. mars 2025, sem lagt var fram við aðalmeðferð málsins, var upplýst að frá 1. janúar 2025 hefði vátryggingastarfsemi Vátryggingafélags Íslands hf. verið færð til VÍS trygginga hf., sem hefði tekið við öllum réttindum og skyldum fyrrnefnda félagsins og að síðarnefnda félagið hefði tekið við aðild málsins fyrir dóminum.

I

Málsatvik

Stefnandi varð fyrir slysi [...] 2021 þar sem hún, sem starfsmaður B ehf., var að affermingu [...] í Reykjavík. Fyrir liggur að B ehf. var með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda á slysdegi. Stefnandi kveðst umrætt sinn hafa verið að aflesta vöruflugningabifreið sem komið hafi frá X. Óumdeilt er að í vagninum voru raðir af mjólkurvögnum á hjólum sem á hvíldu vörubretti en ekki liggur fyrir hve margar raðir af vögnum og vörubrettum voru í vagninum umrætt sinn. Þá er óumdeilt að mjólkurvagnarnir voru festir með bandi eða „strappaðir“ við sína hvora hlið vagnsins. Í stefnu er tildrögum slyssins lýst á þann veg að stefnandi hafi verið búin að taka fremstu vörubrettin úr vagninum með lyftara en hún hafi ekki komist með lyftarann að innstu brettunum og hafi því byrjað að taka út mjólkurvagnana sem voru fyrir framan. Þegar stefnandi hafi verið inni í vagninum að taka út mjólkurvagnana hafi hún farið á bak við fyrstu vagnaröðina og ætlað að ýta á vagnana. Þegar hún hafi verið „komin á milli til að ýta vögnunum út“ hafi þungt vörubretti fallið af mjólkurvögnunum og á hana þannig að það hafi klemmt hana illa.

Óumdeilt er að engin vitni voru að slysinu og að stefnandi var ein að vinna við aflestunina. Þá liggur fyrir að eftir slysið kom samstarfsmaður stefnanda að henni og losaði hana undan vörubrettinu. Stefnandi hafði í kjölfarið samband við móður sína sem flutti hana á slysideild Landspítalans. Aðdragandanum að því hefur starfsmaðurinn lýst svo að stefnandi hafi ekki viljað að hringt yrði á sjúkrahúsi heldur fá móður sína á staðinn. Starfsmaðurinn hafi hringt í forsvarsmann B ehf. og látið hann vita af slysinu. Stefnandi varð óvinnufær frá slysdegi en hóf aftur störf [...] 2021 en varð óvinnufær á ný og þá til [...] 2022. Stefnanda mun hafa verið sagt upp störfum [...] 2022 og ekki átt afturkvæmt á vinnumarkað síðan.

Í nótu úr sjúkraskrá er því lýst að stefnandi hafi við komu á slysideild verið í miklu áfalli. Þá er lýst eymslum á háls hrygg, bringu og andliti stefnanda. Tekin hafi verið tölvusneiðmynd af höfði, hálsi og andlitsbeinum sem ekki hafi sýnt áverkamerki. Stefnandi leitaði 27. ágúst 2021 til heimilislæknis vegna verkja og eymsla í hrygg og bringubeini og var metin klínískt rifbrotin. Hún hóf meðferð hjá sjúkraþjálfara í október 2021 og leitaði aftur til heimilislæknis 20. desember 2021 og kvartaði yfir verkjum í hrygg og í bringu. Segulómrannsókn 24. janúar 2022 sýndi ekki áverkamerki eða þrengingu í mænugöngum.

Fyrirsvarsmáður B ehf. tilkynnti slysið samdægurs með rafrænum hætti. Í tilkynningunni kemur fram að slysið hafi orðið kl. 07:00, en vinnutími hafi hafist kl. 06:50, og því lýst svo: „Slasaði vann við losun á farmi úr flutningabifreið B ehf. [...] þegar að bretti með vörum datt ofan á þann slasaða.“ Nánar segir að orsök áverka hafi verið „42-Högg-frá fallandi hlut“, tegund áverka „120 Margþættir áverkar“, og líkamshlutar sem urðu fyrir áverkum „21-Háls, þ. á m. hryggur og hryggjarliðir í hálsi“.

Lögmaður stefnanda hafði samband við Vinnueftirlit ríkisins 2. september 2021 og óskað eftir gögnum um slysið. Í tölvupósti eftirlitsins 7. október 2021 kemur fram að slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu. Í tölvupósti Vinnueftirlitsins 16. júní 2022 kemur fram að rafræn tilkynning hafi borist samdægurs. Slík tilkynning sé hugsuð til að halda utan um tölfræði, þær komi sjaldnast samdægurs og kalli því venjulega ekki á viðbragð. Þá segir að á heimasíðu eftirlitsins komi fram að ef um alvarlegt slys sé að ræða eigi að tilkynna neyðarlínu og/eða eftirlitinu símleiðis, auk rafrænnar tilkynningar.

Slysið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands 8. september 2021 og er tildrögum slyssins lýst á þann veg sem í stefnu greinir.

Lögmaður stefnanda óskaði eftir afstöðu stefnda til skaðabótaskyldu 13. desember 2021. Þar kom fram að stefnandi teldi ljóst að slysið mætti fyrst og fremst rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns váttryggingartaka, B ehf., sem sýnt hefði af sér gáleysi við lestun bifreiðarinnar og frágang farms með því að stafla þungu bretti ofan á mjólkurvagna án þess að festa það eða skorða og það hefði skapað mikla hættu á miklu tjóni. Þá hefði váttryggingartaki vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980 um

aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með ófullnægjandi vinnuaðstæðum og skorti á verklagsreglum og öryggisráðstöfunum.

Stefndi hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka með bréfi 3. maí 2022. Í svari stefnda var á það bent að farmurinn hefði ekki haggast í akstri og því væri ljóst að mjög vel hefði verið gengið frá honum áður en lagt hefði verið af stað frá X til Reykjavíkur. Mjólkurvagnarnir hefðu verið tryggilega bundnir en í stað þess að taka brettið ofan af mjólkurvögnunum með lyftara eða biðja næsta starfsmann um aðstoð hefði stefnandi losað vagnana og ýtt við þeim. Það hefði ekki getað endað á annan veg en að brettið félli. Hér væri því um samspil óhappatilviks og aðgæsluleysis stefnanda að ræða.

Stefnandi skaut málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 22. júní 2022 og í niðurstöðu nefndarinnar [...] 2022 kom fram að slysið hefði verið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins en þrátt fyrir það hefði enginn komið frá eftirlitinu á slysstað til úttektar. Eins og málið lægi fyrir nefndinni væri ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum vegna þess. Stefnandi hefði haft það hlutverk að afferma vöruflutningabifreið og stjórnað sjálf hvernig staðið hefði verið að verkinu. Engin gögn hefðu verið lögð fram sem sýndu að starfsmaður váttryggingartaka hefði sýnt af sér saknæma háttsemi er hann raðaði vörum í bifreiðina fyrir flutning. Var það álit nefndarinnar að slysið yrði rakið til eigin sakar og aðgæsluleysis stefnanda sem váttryggingartaki bæri ekki skaðabótaábyrgð á og hún ætti því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu hans hjá stefnda.

Matsgerð C lá fyrir 14. desember 2022. Þar var talið að núverandi einkenni stefnanda væru afleiðingar slyssins [...] 2021 og læknisfræðileg örorka hennar metin 15%, þ.e. vegna tognunaráverka á háls (6 stig), tognunar mjóbaks (6 stig) og vegna áverka á brjóstkassa (3 stig). Stefnandi fékk 10. janúar 2023 greiddar bætur úr slysatryggingu launþega á grundvelli matsins og námu þær 3.384.299 krónum.

Stefnandi unir ekki þeirri afstöðu stefnda að slysið sé ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu og höfðaði mál þetta 25. júní 2024. Stefnda er einum stefnt á grundvelli 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

II

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir kröfu sína á því að váttryggingartaki sé skaðabótaskyldur á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna og aðstæðum og aðbúnaði á vinnustað. Vinnuslysið [...] 2021 sé því bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu váttryggingartaka hjá stefnda. Stefnandi byggir á lögum nr. 46/1980 og reglugerðum og reglum settum á grundvelli þeirra laga, einkum reglugerð nr. 499/1994 um öryggi og

hollustu þegar byrðar eru handleiknar og reglugerð nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms.

Stefnandi byggir skaðabótaskyldu váttryggingartaka á því að slys hennar megi rekja til athafna starfsmanns váttryggingartaka, sem annast hafi lestun á farminum áður en bifreiðinni hafi verið ekið frá starfsstöð váttryggingartaka á X og til Reykjavíkur, og henni hafi svo verið falið að aflesta. Hafi starfsmaðurinn ekki gengið frá farminum á tryggilegan hátt og við það sýnt af sér gáleysi. Brettinu sem féll á stefnanda hafi verið staflað ofan á mjólkurgrindur á hjólum án þess að vera fest með bindingum eða með öðrum hætti. Teljist farmurinn því ekki hafa verið skorðaður tryggilega og festur við ökutækið, eins og beri að gera í því skyni að forðast að hann hreyfist til eða falli af ökutækinu og valdi tjóni, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008. Gildi framangreint samkvæmt ákvæðinu hvort heldur sem bifreiðin sé í kyrrstöðu eða í akstri. Brettið sem hafi fallið á stefnanda hafi verið um 600 kg og telji hún því ljóst að mikil hætta hafi verið á því að tjón yrði af því að stafla svo þungu bretti ofan á vagna á hjólum án þess að festa það og skorða með fullnægjandi hætti. Stefnandi telji að starfsmaður váttryggingartaka hafi mátt gera sér grein fyrir því að um þungan farm á völtum grunni væri að ræða sem öðrum starfsmanni yrði falið að aflesta. Hafi því verið líklegt að mikið tjón yrði af þeirri háttsemi hans að stafla brettinu ófestu ofan á hjólavagnana. Byggir stefnandi á því að auðvelt hafi verið fyrir starfsmanninn að gera sér grein fyrir hættunni af háttsemi sinni.

Stefnandi byggir einnig á því að váttryggingartaki sé skaðabótaskyldur vegna þess að vinnuaðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og hættulegar þar sem henni hafi verið gert að aflesta þungar vörur án þess að váttryggingartaki eða starfsmaður hans hefði tryggt að frá þeim væri gengið með fullnægjandi hætti. Þá hafi þungum vörubrettum verið staflað óbundnum ofan á mjólkurvagna á hjólum. Stefnandi hafi ekki getað beitt lyftara eða viðeigandi vinnutækjum til þess að sækja innstu brettin og hafi því þurft að ýta mjólkurvögnum frá í því skyni að ljúka verkinu. Það verklag starfsmanns váttryggingartaka að nota ekki bindingar eða annað til að festa brettin með tryggilegum hætti heldur að skorða þau aðeins af með öðru bretti hafi verið hættulegt og til þess fallið að valda tjóni. Í ákvæðum laga nr. 46/1980 sé kveðið á um að vinnuveitandi eigi að ganga úr skugga um og tryggja að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað, sbr. 13. og 42. gr. laganna. Þá sé tekið fram í 37. gr. að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Í ákvæðum framangreindra laga felist að atvinnurekandi beri ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma vinnu þannig að ekki skapist hætta á slysum eða heilsutjóni. Vinnuveitandi hennar hafi vanrækt þessar skyldur sínar. Þá beri hann ábyrgð á því verklagi sem hafi verið viðhaft. Ljóst sé að mikil hætta hafi skapast af því verklagi sem viðhaft hafi verið við verkið og

að skýrar verklagsreglur um það hvernig ætti að raða upp vörunum og festa þær hefðu hæglega getað komið í veg fyrir slysið. Stefnandi byggir einnig á því að váttryggingartaki hafi ekki uppfyllt reglur nr. 499/1994 og vísar þar einkum til 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 7. gr. þeirra.

Stefnandi telur að stefndi hafi í raun viðurkennt að sú aðferð sem beitt hafi verið við að stafla vörunum inn í bifreiðina hafi haft í för með sér að ekki væri hægt að færa til vagnaröðina fyrir framan umrætt bretti án þess að vörubrettið myndi hrynja. Þá hafi stefndi haldið því fram að stefnandi hefði átt að vinna verkið með öðrum hætti, þ.e. með því að nota lyftara eða fá annan starfsmann sér til aðstoðar. Stefnandi bendir á að þar sem vörubrettið hafi ekki verið bundið hefði aðstoð annars starfsmanns ekki breytt því hvernig hafi farið. Þá vísi stefnandi til þess að er slysið varð hafi hún þegar verið búin að taka þau vörubretti sem hægt hafi verið að komast að með lyftara en innstu brettin hafi ekki verið hægt að fjarlægja með lyftara án þess að koma tómunum mjólkurvögnum fyrst úr vegi. Byggir stefnandi á því að hún hafi viðhaft eins mikla aðgæslu og unnt hafi verið og það verklag sem hafi tíðkast við slíkar aðstæður. Stefnandi byggir einnig á því í þessu samhengi að slysið megi rekja til ófullnægjandi öryggisráðstafana við lestun vöruflutningabifreiðarinnar, þ.m.t. skorts á verklagsreglum.

Stefnandi byggir einnig á því að vanræksla starfsmanna váttryggingartaka á því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, og skortur á rannsókn þess hafi áhrif á sönnunarbyrði í málinu, eins og skýrt komi fram í dómaframkvæmd í málum þar sem svo hátti til. Sé þá frásögn tjónþola um atvik að vinnuslysi oft lögð til grundvallar dómi. Byggir stefnandi á því að frásögn hennar um ófullnægjandi frágang farmsins, saknæma háttsemi samstarfsmanns hennar og skort á verklagi beri að leggja til grundvallar í málinu, enda ekkert sem gefi tilefni til þess að draga sannleiksgildi frásagnar hennar í efa. Hvorki fyrirsvarsmaður váttryggingartaka né aðrir starfsmenn hans hafi haft samband við Vinnueftirlitið og því hafi vettvangur slyssins ekki verið rannsakaður af hálfu þess. Vinnuveitandi hafi því ekki sinnt þeirri lögboðnu skyldu sinni að tilkynna slysið strax og með fullnægjandi hætti til Vinnueftirlits ríkisins svo fram hefði getað farið rannsókn á atvikum að slysinu. Fyrir liggir að stefnandi hafi orðið óvinnufær strax á slysdegi og verið áfram óvinnufær í samtals þrjá mánuði í kjölfar slyssins. Rafræn tilkynning vinnuveitanda á slysdegi teljist ekki fullnægjandi í ljósi alvarleika meiðslanna og óvinnufærni stefnanda.

Stefndi hafi haldið því fram að málsatvik séu óumdeild og því hafi enginn tilgangur verið með því að fá Vinnueftirlitið til að rannsaka vettvang slyssins og það að það hafi ekki verið gert eigi því engu að breyta um úrlausn málsins. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi ekki talið tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum. Stefnandi hafni þessu og byggir á því að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði skorið úr um orsök slyssins. Í slíkri rannsókn hefðu aðstæður í vörubifreiðinni umrætt sinn verið

rannsakaðar en um það sé m.a. deilt hvort vörubrettin hafi verið tryggilega skorðuð. Þá hefði verið hægt að leggja mat á vinnuaðstæður og hvort stefnanda hefði verið fært að aflesta bifreiðina án þess að brettið félli á hana. Stefnandi byggir þannig á því að vörubrettin í bifreiðinni hafi verið óbundin og ekki fest með tryggilegum hætti. Stefndi hafi ekki mótmælt því að vörubrettin hafi verið óbundin en telur samt sem áður að gengið hafi verið frá þeim með fullnægjandi hætti með því að skorða þau ofan á mjólkurvögnum. Þá hafi stefndi haldið því fram að stefnandi hefði getað aflestað bifreiðina að fullu með lyftara, sem stefnandi hafi alfarið mótmælt. Rannsókn Vinnueftirlitsins hefði án efa skorið úr um þessi atriði og auk þess leitt í ljós hvernig farminum hefði verið komið fyrir í vörubifreiðinni og hvernig frágangi hans hefði verið háttað. Málið sé því alls ekki nægilega upplýst og augljóst að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði varpað skýrara ljósi á orsakir slyssins og atvik málsins í heild.

Stefnandi byggir á því að þar sem stefndi beri hallann af þeim sönnunarskorti sem fyrir hendi sé í málinu verði að leggja til grundvallar það sem stefnandi byggir á að hafi verið orsök slyssins, þ.e. saknæm háttsemi starfsmanns váttryggingartaka, hættulegar vinnuaðstæður og skortur á verklagsreglum.

Stefnandi hafnar því að hún hafi sýnt af sér gáleysi við verkið er slysið varð, hvað þá stórkostlegt gáleysi, sem sé skilyrði þess að hún verði látin bera einhverja ábyrgð á tjóninu sjálf, sbr. 1. mgr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993. Engar forsendur séu til að láta hana bera nokkra ábyrgð á slysinu. Stefnanda verði ekki kennt um þann hættulega aðbúnað og skort á verklagsreglum sem hafi verið á vinnustaðnum.

Þá sé byggt á því, í samræmi við viðurkennd sjónarmið um mat á meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum, að hugsanlega meðábyrgð stefnanda eða eigin sök þurfi að skoða í samhengi við sök vinnuveitandans og ábyrgð hans á hættulegum aðstæðum á vinnustað og skorti á verklagsreglum, en þessir þættir hafi verið ráðandi orsakapættir í því að slysið hafi orðið.

Óumdeilt sé að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu, en hún hafi fengið þungt högg aftan á háls og herðar, skollið við það fram fyrir sig og fengið högg á bringu og hægri hluta andlits þegar hún lenti mjólkurvögnunum. Hafi stefnandi m.a. hlotið rifbeinsbrot og tognanir við höggið. Hún hafi glímt við einkenni vegna slyssins og geri það enn. Líkamstjón stefnanda sé varanlegt og hafi varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda vegna slyssins verið metin 15% í fyrirliggjandi örorkumatgerð C læknis frá 14. desember 2022. Skýr orsakatengsl séu á milli varanlegs líkamstjóns hennar og saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans.

Málsókn og kröfugerð stefnanda byggist á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en stefnandi hafi mikla hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist og efni kröfu hennar á hendur stefnda. Eins og áður segi hafi verið sýnt fram á tjón stefnanda

og hagsmuni, m.a. með framlögðum læknisfræðilegum gögnum og fyrirbyggjandi örorkumatsgerð. Því beri að fallast á kröfur hennar í málinu.

III

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi hafnar öllum málsástæðum og sjónarmiðum stefnanda og krefst sýknu í málinu. Miðað við lýsingu stefnanda sem liggja fyrir í gögnum málsins hafi verið gengið frá farminum með hefðbundnum hætti þegar flytja hafi þurft mjólkurkerrur [...] til Reykjavíkur. Mjólkurvagnarnir hafi verið tómir enda á leið aftur [...]. Gerist það nánast daglega að flytja þurfi tómar mjólkurkerrur [...] til Reykjavíkur. Tómunum mjólkurvögnum sé raðað hverjum inn í annan, enda myndu þeir annars taka allt of mikið pláss. Vagnarnir séu festir með böndum í bifreiðina svo að þeir fari ekki af stað á meðan á akstri standi. Stefndi vekir athygli á að stefnandi byggir ekki á því að mjólkurvagnarnir hafi verið lausir meðan á flutningi hafi staðið, þ.e. ekki bundnir, heldur einungis að vörubrettin hafi ekki verið fest með bindingum eða öðrum hætti.

Til þess að nýta plássið sem myndist fyrir ofan vagnana séu bretti með vörum oft sett ofan á þá. Það sé hefðbundið. Þau bretti séu að jafnaði talsvert þung og hreyfist því ekki við akstur vörubifreiðarinnar, enda séu mjólkurvagnarnir fastir saman og við bifreiðina. Brettunum sé komið ofan á mjólkurvagnana með lyftarabúnaði þegar búið er að festa mjólkurvagnana. Í ljósi þeirrar lýsingar stefnanda að vörubrettið með vörunum hafi vegið samtals 600 kg sé ljóst að það hafi ekki haggast við aksturinn til Reykjavíkur.

Afferming stefnanda hafi aftur á móti ekki verið í lagi og ekki í samræmi við það verklag sem hafi verið viðhaft við affermingu vörubifreiða hjá váttryggingartaka. Í fyrsta lagi hafi stefnandi byrjað að afferma vörubifreiðina áður en vinnutími hennar og annarra starfsmanna váttryggingartaka hafi hafist. Í tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands, sem stefnandi hafi sjálf skrifað undir, komi fram að slysið hafi orðið kl. 06:55, en vinnutími stefnanda hafi verið frá kl. 07:00. Stefndi hafi þó verið mætt til vinnu þennan daginn kl. 06:50. Því hafi aðrir starfsmenn váttryggingartaka ekki verið á staðnum til að aðstoða stefnanda, en hún hefði vel getað beðið í nokkrar mínútur með að byrja að afferma vörubifreiðina. Það hafi stefnandi ekki gert en kosið að hefja verkið og halda áfram með það þrátt fyrir að hafa lent í vandræðum með að ná í eitt vörubrettið. Stefndi hafi því ekki verið sérstaklega „falið“ að aflesta farminn úr bifreiðinni, heldur hafi hún ákveðið að gera það upp á eigin spýtur og með þeim hætti sem hún hafi gert.

Í öðru lagi hafi átt að taka brettið niður með lyftarabúnaði sem hafi verið til taks fyrir starfsmenn váttryggingartaka. Vörubrettinu hafi augljóslega verið komið fyrir í vörubifreiðinni með lyftarabúnaði og því hafi átt að vera hægt að taka brettið niður með sambærilegum búnaði. Hafi stefnandi átt erfitt með að komast að vörubrettinu með búnaðinum hafi hún getað óskað eftir aðstoð annarra starfsmanna váttryggingartaka. Þess

í stað hafi stefnandi ákveðið að losa mjólkurkerrurnar með vörubrettið enn ofan á kerrunum.

Í þriðja lagi hafi ekki átt að afferma mjólkurkerrurnar enda fari þær ávallt með bílnum [...] eftir affermingu annars farms. Þess vegna hafi engin ástæða verið fyrir stefnanda til að losa þær. Stefnandi hafi haft nægan tíma til að skoða og meta aðstæður, t.d. hvaða verklag ætti að viðhafa við að ná í vörubrettið. Hafi verið nauðsynlegt að taka einhverjar mjólkurkerrur frá til þess að komast betur að vörubrettinu með lyftarabúnaði sé nokkuð ljóst að stórhættulegt hafi verið að taka mjólkurkerrur undan sjálfu vörubrettinu. Það sé ljóst að vörubrettið hafi ekki fallið af sjálfu sér á stefnanda heldur virðist sem stefnandi hafi tekið of margar kerrur undan vörubrettunum eða ýtt við kerrunum með þeim afleiðingum að vörubrettið féll.

Stefnandi vísi í málatilbúnaði sínum til þess að váttryggingartaki hafi, með því að festa ekki eða skorða vörubrettin á tryggilegan hátt við bifreiðina, brotið gegn 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008. Þessu hafni stefndi. Í fyrsta lagi eigi fyrrgreind reglugerð ekki við um þau atvik sem mál þetta snúist um. Ljóst sé af efni reglugerðarinnar að um sé að ræða ákvæði er eigi að tryggja öryggi vegfaranda í umferðinni en þetta séu ekki reglur er snúi að öryggi á vinnustað. Þar af leiðandi eigi reglugerðin fyrst og fremst við um hleðslu, frágang og merkingu farms á „opnum“ vöruflutningabifreiðum. Í 15. gr. reglugerðarinnar komi fram að hún sé sett samkvæmt 73. gr. eldri umferðarlaga en hún nefndist „Hleðsla ökutækja“ og framangreint sé ljóst af efni ákvæðisins. Í öðru lagi hafi stefnandi ekki sýnt fram á að brotið hafi verið gegn reglugerðinni í tengslum við slys stefnanda og að orsakatengsl séu þar á milli. Stefnandi vísi sérstaklega til 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar en ósannað sé að brotið hafi verið gegn því ákvæði eða öðrum ákvæðum reglugerðarinnar.

Stefnandi haldi því fram að hún hafi ekki komist með lyftara, eða öðru viðeigandi vinnutæki, að því bretti sem um ræði. Brettið hafi verið innst og því hafi þurft að ýta fremstu mjólkurvögnunum frá til þess að komast að því. Þessu hafni stefndi, en hafi svo verið liggja það í hlutarins eðli að stefnandi hafi átt að kalla á aðstoð annarra starfsmanna við að fjarlægja þá vagna sem þurfti að fjarlægja.

Stefndi hafni því að brotið hafi verið gegn vinnuverndarlöggjöf með því að vinnuaðstæður hafi verið hættulegar, þær ófullnægjandi eða að skortur hafi verið á verklagsreglum. Stefnandi vísi í málatilbúnaði sínum til þriggja ákvæða laga nr. 46/1980, þ.e. 13., 37. og 42. gr. laganna. Allt séu þetta svokölluð markmiðsákvæði, þ.e. ákvæði sem mæli ekki fyrir um tiltekna/sértæka háttsemi vinnuveitanda heldur séu almenns eðlis. Þær veiti engar leiðbeiningar um það hvort váttryggingartaki hafi sýnt af sér sök eða ekki og gagnist því ekki við sakarmat. Auk þess hafi stefnandi ekki sýnt fram á að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, m.a. með því að brjóta gegn lögum nr. 46/1980.

Stefnandi vísi auk þess til reglna nr. 499/1994. Stefndi hafnar því að reglugerð þessi eigi við í þessu máli. Reglugerðin gildi einungis þegar byrðar séu handleiknar og hætta sé á líkamstjóni vegna þess. Hún eigi ekki við um verk eða slys stefnanda. Mjólkurvagnarnir einir og sér séu ekki þungir og ekki hafi átt að afferma þá eins og áður sé fram komið. Vörubrettið hafi alls ekki átt „að handleika“ í skilningi reglnanna, heldur hafi átt að nota lyftarabúnað. Engar byrðar hafi þurft eða átt að „handleika“, sbr. einnig skilgreiningu á „að handleika byrðar“ í 2. gr. reglnanna, við affermingu vörubifreiðarinnar. Ljóst sé að ákvæðin sem stefnandi vísi til í tengslum við þessar reglur eigi einfaldlega ekki við í málinu en auk þess sé því alfarið hafnað að váttryggingartaki hafi á einhvern hátt brotið gegn ákvæðum fyrrgreindra reglna.

Með vísan til allra framangreindra raka sé því alfarið hafnað að vinnuaðstæður hafi verið hættulegar eða á einhvern hátt ófullnægjandi. Stefnanda hafi ekki verið „gert“ að afferma vörubifreiðina með þessum tiltekna hætti eða ein og án nokkurrar aðstoðar. Þá sé ekki um hættulegar vinnuaðstæður að ræða. Það hafi verið ákvarðanir stefnanda sem hafi leitt til slyssins. Stefnandi hefði getað beðið eftir að aðrir starfsmenn hæfu störf þennan daginn og beðið þá um aðstoð, sérstaklega í ljósi þess að vörubrettið hafi verið nokkur hundruð kíló. Stefnandi hafi ein ákveðið vinnulag sitt þennan morguninn. Það hafi ekkert legið á að tæma vörubifreiðina og því engin ástæða til neins asa. Stefnandi hafi ekki átt að taka mjólkurvagna undan brettinu enda sé það stórhættulegt.

Þá hafi verið um einfalt verk að ræða, þ.e. að taka vörubretti ofan af mjólkurkerrum með lyftarabúnaði og stefnandi hefði gert þetta margoft áður. Ekki hafi þurft sérstaka verkstjórn eða eftirlit með framkvæmd verksins. Það verklag að setja vörubretti með vörum ofan á mjólkurkerrur sem hafi verið festar sé hvorki hættulegt né ólöglegt. Það sé eðlilegt að nýta það rými sem sé fyrir ofan mjólkurkerrurnar fyrir nægilega þung vörubretti. Að öðrum kosti sé um mikla sóun á rými að ræða.

Stefndi hafni því alfarið að hann hafi á einhvern hátt viðurkennt að sú aðferð sem beitt hafi verið við að stafla vörum inn í bifreiðina hafi haft í för með sér að ekki væri hægt að færa til kerruröðina fyrir framan brettið án þess að það myndi hrynja. Fram komi í höfnunarbréfi stefnda og í bréfi stefnda til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum að brettið hafi farið af stað eftir að stefnandi losaði mjólkurvagnana og hafi farið að ýta í þá, greinilega án þess að gæta nægilega að því hvað myndi „þá gerast við brettið“.

Stefndi hafni þeim sjónarmiðum stefnanda að honum verði gert að bera hallann af meintum sönnunarskorti í málinu vegna skorts á tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins. Váttryggingartaki hafi sannarlega tilkynnt slysið samdægurs með rafrænum hætti til eftirlitsins eins og fram komi í leiðbeiningum Vinnueftirlitsins. Afleiðingar vinnuslyssins hafi ekki virst það alvarlegar að nauðsynlegt hafi þótt að hringja á Neyðarlínuna. Stefnandi hafi ekki viljað að hringt yrði á sjúkrabíl heldur viljað fá móður sína á staðinn og aka sér á bráðamóttökuna. Þá hafi áverkamerki verið lítil enda hafi svo komið í ljós

að fyrst og fremst væri um að ræða mjúkvefjaáverka, þótt síðar hafi heimilislæknir metið stefnanda með klínískt rifbrot. Ekki hafi verið líkur á því er slysið varð að stefnandi hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Stefnandi hafni því að váttryggingartaki hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, sbr. 81. gr. laganna, um tilkynningu um vinnuslys. Ekki sé gerð krafa um að váttryggingartaki fylgi eftir tilkynningu.

Þótt talið yrði að váttryggingartaki hefði átt að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlits ríkisins með öðrum hætti sé því alfarið hafnað að rannsókn þess hefði varpað betra ljósi á atvikið. Málavextir liggi nokkuð ljóst fyrir og hafi skýrst enn frekar við skýrslur fyrir dóminum. Ljóst sé að stefnandi hafi verið ein við störf og auk þess beitt stórhættulegu verklagi við afferminguna.

En jafnvel þótt talið yrði að váttryggingartaki hafi brotið einhverjar þær reglur sem stefnandi vísi til í stefnu sinni séu ekki lögfræðileg orsakatengsl milli þess brots og tjóns stefnanda. Tjón stefnanda sé eingöngu og alfarið að rekja til óhappatilviks eða gáleysis stefnanda sjálfrar. Meint brot váttryggingartaka á reglum hafi ekki valdið tjóni hennar.

Verði talið að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi og að sú háttsemi hafi orsakað líkamstjón stefnanda sé á því byggt af hálfu stefnda að stefnandi verði að bera hluta af tjóninu vegna meðábyrgðar sinnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. a í lögum nr. 50/1993. Stefnandi byggi á því að stefnandi hafi með stórkostlegu gáleysi átt þátt í að tjónsatburður hafi orðið. Stefnandi hafi verið ein við störf og ákveðið sjálf hvernig vinnulag hennar var þennan morguninn. Sú háttsemi að fjarlægja mjólkurvagna undan brettinu hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu og getað verið stórhættuleg. Stefnandi telur því að stefnandi eigi að bera tjón sitt að öllu eða verulegu leyti sjálf vegna eigin sakar.

Með vísan til alls framangreinds telur stefndi ósannað að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til líkamstjóns stefnanda. Verði því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um hvort bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda stefnanda hjá stefnda vegna líkamstjóns er stefnandi varð fyrir [...] 2021 er hún var við vinnu sína að aflesta vörubifreiðar. Stefnandi höfðar málið sem viðurkenningarmál á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og með hliðsjón af gögnum málsins og atvikum öllum er uppfylltur áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni. Stefnandi fékk greiddar bætur úr slysatryggingu launþega 10. janúar 2023. Óumdeilt er því að stefnandi slasaðist við vinnu sína umrætt sinn er vörubretti féll af röð

mjólkurvagna og á stefnanda. Það er á hinn bóginn ágreiningur um hver orsök þess hafi verið að brettið féll.

Stefnandi byggir á því í málinu að vörubrettunum hafi ekki verið komið fyrir í vörubifreiðinni með forsvaranlegum hætti og ekki verið gengið tryggilega frá þeim. Við það hafi skapast hættulegar aðstæður við affermingu bifreiðarinnar. Um þungan farm hafi verið að ræða á völtum grunni og hafi starfsmaðurinn mátt gera sér grein fyrir hættunni. Þá hafi engar öryggisráðstafanir verið viðhafðar til að draga úr hættu á tjóni er þungum vörubrettum var komið fyrir ofan á röðum af mjólkurvögnum. Það hefði auðveldlega mátt gera t.d. með því að nota þrýstistangir til að varna því að vörubrettin færðust til eða yrðu völt ofan á mjólkurvögnunum eða ójafnvægi kæmist á farminn sem á vörubrettunum hvíldi. Slysíð sé því að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns vinnuveitanda hennar sem vinnuveitandinn beri ábyrgð á. Stefnanda hafi verið ætlað að vinna verk við hættulegar vinnuáðstæður, án viðeigandi öryggisráðstafana til að varna tjóni. Þá hafi skort á leiðbeiningar af hálfu vinnuveitanda um verklag og ekki verið í gildi neinar öryggis- eða verklagsreglur. Framangreint hafi falið í sér brot á ákvæðum laga nr. 46/1980. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt með fullnægjandi hætti og í samræmi við áðurnefnd lög til Vinnueftirlits ríkisins, og rannsókn þess því ekki farið fram en af því verði stefndi að bera hallann við sönnun málsatvika og sakarmat. Við aðalmeðferð málsins var einnig byggt á því af hálfu stefnanda að áhættumat hefði ekki verið unnið í samræmi við XI. kafla laga nr. 46/1980 en ekki er að sjá að á því hafi verið byggt í stefnu málsins.

Stefndi telur lestun vörubifreiðarinnar í engu hafa verið ábótavant og að gengið hafi verið frá farminum á tryggilegan hátt með því að skorða brettin ofan á röð eða raðir af mjólkurvögnum sem hafi verið „strappaðir“ í bílnum. Vörubifreiðar váttryggingartaka hafi ávallt verið lestaðar með þessum hætti og hverfandi líkur séu á að svo þungur farmur færist úr stað eða aflagist á leiðinni frá X til Reykjavíkur. Þá hafi farmurinn verið plastaður við vörubrettin og brettin verið mjög stöðug ofan á mjólkurvögnunum. Slysið hafi eingöngu orðið vegna óhappatilviljunar og vegna þeirrar háttsemi stefnanda að fjarlægja mjólkurvagna undan vörubrettunum eða ýta við vögnunum með þeim afleiðingum að eitt vörubretti féll niður og á stefnanda. Ekkert annað hafi komið fram í málinu sem skýrt geti að svo þungt bretti, sem hafi verið skorðað ofan á röðum af mjólkurvögnum, hafi getað fallið niður. Þá hafi vinnuveitandi tilkynnt slysið í samræmi við 79. gr. laga nr. 46/1980. Auk þess sé ekkert óljóst við atvik málsins og því hefði rannsókn Vinnueftirlitsins engu skipt fyrir úrlausn þess.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á

að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Dómurinn tekur hér í upphafi fram að þær sönnunarreglur sem hafa móttast í dómaframkvæmd um það er atvik að vinnuslysum eru óljós snúast um það hvorum aðila hafi staðið nær að leitast við að upplýsa atvik og tryggja sönnun um þau. Vinnuveitandi sem ekki tilkynnir slys í samræmi við 79. gr. laga nr. 46/1980 ber hallann af því að rannsókn Vinnueftirlitsins hafi ekki farið fram ef sú staða er uppi að atvik teljist ekki nægilega upplýst af þeim sökum. Jafnframt er ljóst að þótt vinnuveitandi hafi uppfyllt hina lögboðnu tilkynningarskyldu getur hann samt orðið að bera hallann af því að málsatvik séu ekki nægilega upplýst ef það hefði staðið honum nær að leitast við að upplýsa atvik frekar, til dæmis með því að fylgja tilkynningu eftir eða hlutast á annan hátt til um rannsókn eða varðveislu sönnunargagna, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 286/2009 og dóm Landsréttar í máli nr. 217/2019.

Í máli þessu liggur fyrir að vinnuveitandi stefnanda sendi inn rafræna tilkynningu til Vinnueftirlitsins á slysdegi. Í tilkynningunni kemur fram um tildrög slyssins að hinn slasaði hafi verið að vinna við losun á farmi úr flutningabifreið þegar bretti með vörum hafi dottið ofan á viðkomandi. Um orsök áverka er sagt að um högg frá fallandi hlut hafi verið að ræða. Áverkum er lýst sem „margþættum“ og nánar að um „áverka á háls, þ. á m. hrygg og hryggjarliði í hálsi“ sé að ræða.

Fyrirsvarsmáður vinnuveitanda stefnanda, B ehf., gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum. Hvað tilkynninguna varðaði kvaðst hann ekki muna nákvæmlega hvaðan hann hefði fengið þær upplýsingar sem fram komi þar en hann hefði rætt við stefnanda nokkrum dögum eftir slysið. Hann hefði á slysdegi heyrt í samstarfsmanni stefnanda sem hefði m.a. sagt sér að stefnandi hefði ekki viljað láta hringja á sjúkrahúsi heldur að móðir hennar kæmi og sækti hana og færi með hana á slysadeild. Hvernig sem þessu hefur verið nákvæmlega háttað telur dómurinn að lýsingar í umræddri tilkynningu hafi gefið vinnuveitandanum rétt tilefni til þess að hlutast til um að Vinnueftirlitið rannsakaði aðstæður frekar og honum hafi því borið að fylgja eftir hinni rafrænu tilkynningu. Þar sem það var ekki gert og ekkert liggur fyrir í málinu um aðstæður umrætt sinn verður vinnuveitandi að bera hallann af því sem óljóst verður talið um atvik við affermingu umrætt sinn og tildrög slyss stefnanda.

Í aðilaskýrslu fyrir dóminum gaf stefnandi hliðstæða lýsingu á aðstæðum og tildrögum slyssins og finna má í gögnum málsins og byggt er á í stefnu. Þannig kom fram í máli hennar að hún hefði umrætt sinn verið að afferma vagn vöruflutningabifreiðar en ekki bifreiðina sjálfa. Í tengivagninum hefðu verið raðir af mjólkurvögnum sem festar væru við vagninn að innan, vörubretti ofan á þeim og vörur hefðu verið plastadar við brettið eins og venja væri. Var á stefnanda að heyra að hún hefði áður affermt við þessar aðstæður. Stefnandi kvaðst hafa verið búin að fjarlægja vörubretti með lyftara ofan af

röð af mjólkurvögnum. Hún hefði þurft að koma mjólkurvögnunum frá og út úr vagninum til að hreinsa svæðið fyrir framan næstu röð af vörubrettum, sem einnig hvíldu ofan á mjólkurvögnum eins og fyrri brettin, til að koma lyftaranum að innri brettunum þar sem gaffallinn á lyftaranum væri ekki nógu langur við þessar aðstæður. Hún hefði verið á stærri lyftaranum þ.e. þeim „sem maður situr í“, ekki svokölluðum staflaralyftara sem ekki er setið í. Til þess að ná mjólkurvögnunum fram og breyta stefnu þeirra svo hún gæti rennt þeim út úr bílnum og lokið verkinu hefði hún notað þá aðferð sem aðrir starfsmenn notuðu og hún hefði lært af þeim, þ.e. að draga annan endann á mjólkurvagnaröðinni fram og fara svo á bak við röðina þegar rými til þess skapaðist og ýta á röðina til þess að geta svo rennt henni út. Hún hefði ekki verið byrjuð að ýta við mjólkurvögnunum þegar brettið hefði fallið á hana. Stefnandi kvaðst ekki hafa tekið vagna undan brettunum. Þá kvaðst hún áður hafa verið búin að fjarlægja þrjú vörubretti sem hvíldu á tveimur röðum af mjólkurvögnum og innst hefðu að sama skapi verið þrjú vörubretti ofan á tveimur röðum af mjólkurvögnum. Einnig kom fram hjá stefnanda að engar skriflegar reglur væru fyrir hendi um hvernig ætti að bera sig að við svona verk og að þjálfun starfsmanna hefði falist í því að fylgjast með vinnu samstarfsmanna.

Meðal gagna málsins eru ljósmyndir sem stafa frá stefnda innan úr vöruflytningabifreið eða vagni og sýna þrjú plöstuð vörubretti sem hvíla á mjólkurvagnaröð sem hefur verið fest með „strappa“ í hliðar bifreiðarinnar eða vagnsins að innan. Stefnandi kvað aðstæður á slysdegi hafa verið eins og fram kæmi á myndinni, þ.e. þrjú vörubretti uppi á tveimur röðum af mjólkurvögnum. Fram kom í skýrslu stefnanda að hún hefði verið byrjuð fyrir kl. 07:00 að morgni að aflesta og að hún hefði verið ein við störf sín og er óumdeilt að enginn varð vitni að slysinu.

Samstarfsmaður stefnanda bar fyrir dóminum að þegar hann hefði komið að henni fljótlega eftir slysið hefði bretti verið fallið og vörurnar á brettinu að hluta til fallnar á hana og í kringum hana. Farmurinn hefði farið af brettinu „við það að falla“ og legið þannig í kringum stefnanda. Hann hefði aðstoðað hana, hún hefði ekki viljað fá sjúkrabíl heldur frekar hringja í móður sína og fara með henni á slysadeild. Hann hefði fylgt henni út fyrir vagninn og hún sest niður til að jafna sig, hún hefði andað eðlilega og getað gengið. Hann hefði látið fyrirsvarsmann B vita af slysinu. Umrætt bretti hefði ekki verið mikið plastað, og hann minnti að á því hefðu verið flöskur en var þó ekki viss. Þá minnti hann að plastið utan um vörunar hefði verið rofið. Hann gat ekki sagt til um með vissu hvort lyftari hefði verið á staðnum sem stefnandi hefði þá verið að nota eða hvort hann hefði sjálfur sótt lyftara til að ljúka verkinu. Hann hefði þó notað lyftara til að fjarlægja það vörubretti sem eftir hefði verið ofan á mjólkurvögnunum. Það hefði verið skorðað uppi á mjólkurvögnunum og farmurinn verið plastaður. Brettin sem sett væru svona ofan á vagnana væru yfirleitt í léttari kantinum. Þegar samstarfsmanninum voru sýndar áður nefndar ljósmyndir af vörubrettum og mjólkurvögnum og hann spurður hvort

aðstæður hefðu verið eins umrætt sinn kvað hann svo hafa verið fyrir utan það að á myndunum væru þrjú vörubretti „langsum“ í vagninum og þau hvíldu þá á tveimur röðum af mjólkurvögnum en þegar slysið hefði orðið hefðu vörubrettin verið tvö og „þversum“ í vagninum og þegar svo háttaði til hvíldu þau á þremur röðum af mjólkurvögnum vegna þess að tvær raðir dygðu ekki til „að dekka“ vörubrettin. Spurður hvort það þýddi að væri ein röð tekin undan myndu vörubrettin falla niður taldi hann ólíklegt að þau gætu staðið á aðeins tveimur röðum af mjólkurvögnum.

Lýsing stefnanda á aðstæðum umrætt sinn er að þessu leyti ekki í samræmi við þessa lýsingu samstarfsmannsins. Stefnandi hefur fullyrt að vörubrettin hafi verið þrjú og þau hafi hvílt á tveimur röðum af mjólkurvögnum og „ekkert loft“ hafi verið undir þeim, þ.e. brettin hafi ekki skagað fram yfir vagnaröðina. Atvik eru því óljós að þessu leyti. Verður að telja að myndir af vettvangi eða rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins hefði hér miklu skipt til að varpa ljósi á aðstæður í vagninum sem stefnandi var að aflesta umrætt sinn.

Stefnandi byggir á því að sú aðferð að hlaða þungum vörubrettum ofan á mjólkurvagna á hjólum sé ekki forsvaranleg og auki líkur á tjóni þegar bifreiðinni er ekið langa leið á þjóðvegum landsins þótt vagnarnir séu festir við hliðar bifreiðarinnar. Það verklag starfsmanns váttryggingartaka að nota ekki bindingar eða annað til að festa brettin með tryggum hætti heldur að skorða þau aðeins af með öðrum brettum hafi verið hættulegt og til þess fallið að valda tjóni. Vegna þessa geti skapast hættulegar aðstæður þegar komi að affermingu bifreiðarinnar á áfangastað. Stefndi byggir á því að farmurinn hafi verið tryggilega skorðaður.

Stefnandi byggir einnig á því að ekki hafi verið gengið tryggilega frá brettunum umrætt sinn og þau því mögulega færst til eða orðið völt ofan á mjólkurvögnunum. Ekkert liggur fyrir um ástand farmsins þegar komið var á leiðarenda til Reykjavíkur. Samstarfsmaður stefnanda sem áður var getið bar að vörur hefðu dottið af brettinu sem féll á stefnanda og það bretti hefði verið „lítið plastað“. Atvik eru því einnig óljós að þessu leyti. Verður einnig hvað þetta varðar að telja að myndir af vettvangi eða rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins hefði hér miklu skipt til að varpa ljósi á ástand farmsins í vagninum á áfangastað og aðstæður að öðru leyti.

Dómurinn telur, þegar horft er heildstætt á málið, framangreint haft í huga og sönnunarstaðan metin, að óhjákvæmilegt sé að vinnuveitandi stefnanda verði látinn bera hallann af því að tildrög slyssins eru ekki nægilega upplýst hvað varðar ástand farmsins og hvernig brettunum hafði verið stillt upp á mjólkurvagnaraðirnar. Dómurinn tekur þó fram hér að ekki verður talið að þær reglugerðir sem stefnandi vísi til eigi við í málinu, þ.e. reglugerðir nr. 499/1994 og nr. 671/2008, og er sjónarmiðum um brot á ákvæðum þeirra því hafnað. Á hinn bóginn verður að líta svo á að hafi raunin verið sú að brettaraðirnar í bílnum nutu stuðnings hver af annarri og að farmurinn hafi mögulega

verið illa skorðaður ofan á mjólkurvögnunum gat það leitt til þess að hætta skapaðist við affermingu og að þær aðstæður hafi ekki samrýmst þeim kröfum sem gerðar eru til vinnuveitanda samkvæmt 13. gr., sbr. einnig 42. gr., laga nr. 46/1980. Þetta er þó ekki nægilega upplýst í málinu og leiðir það til þess að ekki verður talið útilokað að atvik hafi verið með þeim hætti er stefnandi lýsir. Verður vinnuveitandi að bera hallann af sönnunarstöðu í málinu að þessu leyti og hann talinn bera sakarábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins.

Stefndi hefur á því byggt að stefnandi verði vegna háttsemi sinnar talin meðábyrg fyrir tjóni sínu. Stefnanda hafi sem starfsmanni borið að gæta tilhlýðilegrar varúðar við störf sín, sbr. t.d. 26. gr. laga nr. 46/1980, og gæta að sér við vinnu sína.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. a í lögum nr. 50/1993 skerðist skaðabótaréttur starfsmanns sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu ekki vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Samkvæmt skýringum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 124/2009 og bætti framangreindu ákvæði í skaðabótalögin var markmið breytinganna að treysta stöðu starfsmanna sem lenda í líkamstjóni í starfi sínu sem að einhverju leyti verði rakið til háttsemi þeirra sjálfra. Einnig segir að þótt starfsmenn séu ekki undanþegnir því að leggja sitt af mörkum til þess að tryggja öryggi á vinnustað hvíli meginábyrgðin á öruggu vinnuumhverfi á vinnuveitanda. Hafi starfsmaður verið meðvaldur að tjóni sínu þurfi að meta hve stórkostlegt gáleysið sé og ákvarða skerðingu bóta í samræmi við það. Í því felist að jafnvel stórkostlegt gáleysi valdi ekki niðurfellingu bótaréttar heldur geti það valdið skerðingu hans.

Í aðilaskýrslu stefnanda kom fram að þau bretti sem eftir voru á mjólkurvögnunum hafi alveg staðið „á sínum mjólkurvögnum“ eftir slysið. Síðar í skýrslugjöfinni kom þó fram hjá stefnanda að það hefði aðeins verið „tímaspursmál“ hvenær brettin hefðu dottið því að þegar búið hafi verið að fjarlægja eina röð af vörubrettum hafi brettin fyrir aftan misst stuðninginn og „þyngdin á vörubrettinu hefur greinilega verið að framan“. Stefnandi lýsti því fyrir dóminum að hún hefði togað mjólkurvagnaröð fram og svo farið á bak við hana þegar rými skapaðist til að koma henni frá og ýta svo út úr vagninum svo hún gæti athafnað sig við að ná í þau bretti sem eftir voru. Dómurinn telur að stefnandi hafi með þessu sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og hún hafi mátt gera sér ljóst að hætta gat af þessu stafað, sér í lagi þegar litið er til þess að stefnandi kvað það hafa verið „tímaspursmál“ hvenær brettin dyttu. Hlaut stefnandi að þurfa að hugsa sig um tvisvar áður en hún fór á bak við vagnaröðina til að ýta henni út. Er það verklag heldur ekki í samræmi við það sem samstarfsmaður hennar lýsti í skýrslu sinni fyrir dóminum. Kvað hann það oft koma fyrir að fjarlægja þyrfti raðir af mjólkurvögnum og renna þeim út úr vagninum þegar komast þyrfti að brettum fyrir innan. Lýsti hann því þannig að „strappinn“ væri þá fjarlægður, tekið væri eða rifið í

opna endann á mjólkurvagnaröðinni til að ná henni fram, hliðið á aftasta vagninum svo opnað, röðin dregin fram og vagnarnir þannig teknir út.

Þá verður hér einnig að hafa í huga að stefnandi var ein í vagninum að afferma þar sem samstarfsmenn hennar voru ekki mættir til vinnu. Þótt tímasetningin ein og sér hafi hér ekki úrslitaáhrif var það verklag stefnanda að standa ein að affermingunni einnig í andstöðu við það sem samstarfsmaður stefnanda lýsti fyrir dóminum um að við affermingu eins og er slys stefnanda átti sér stað væru venjulega tveir starfsmenn við verkið, annar á lyftara og hinn að færa til mjólkurvagnana. Verður að líta svo á að framangreind háttsemi stefnanda hafi átt stóran þátt í að slysið varð og tjóni hennar. Verður ekki séð að skortur á þjálfun, leiðbeiningum, verklagsreglum, öryggisreglum eða áhættumati hafi verið meginorsök slyssins eða komið í veg fyrir það. Þá verður einnig að hafa til hliðsjónar að fram er komið í málinu að stefnandi var vön að vinna við affermingu, hafði unnið hjá vinnuveitandanum í [...] er slysið varð og einnig [...] áður og þá hafði hún unnið á lyftara við affermingu hjá öðrum fyrirtækjum.

Telur dómurinn að þegar litið er heildstætt á þetta verði að telja að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 23. gr. a í lögum nr. 50/1993 þannig að hún verði að bera tjón sitt að hluta sjálf. Þegar litið er til sakar stefnanda og ábyrgðar vinnuveitanda á að tryggja öryggi á vinnustað gefur stórkostlegt gáleysi stefnanda tilefni til þess að skerða bætur hennar um helming. Horfir dómurinn hér til dóms Hæstaréttar í máli nr. 582/2007 og dóma Landsréttar í málum nr. 600/2021 og nr. 915/2018.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu á grundvelli gjafsóknarleyfis sem gefið var út 27. júní 2023. Samkvæmt framlagðri tímaskýrslu hefur lögmaður stefnanda varið útseldum 71,5 vinnustundum til málsins frá upphafi. Gjafsóknin er samkvæmt gjafsóknarleyfinu takmörkuð við réttargjöld og lögmannsþóknun við rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Fer því um hæfilega þóknun lögmanns stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði. Í samræmi við dómvenju er þóknunin tilgreind án virðisaukaskatts. Stefnda verður gert að greiða stefnanda málskostnað vegna reksturs málsins sem renni í ríkissjóð eins og nánar greinir í dómsorði.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Af hálfu stefnanda flutti málið Klara Óðinsdóttir lögmaður og af hálfu stefnda Telma Sif Reynisdóttir lögmaður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að vinnuslys stefnanda, A, [...] 2021, er bótaskyld að helmingi úr ábyrgðartryggingu sem vinnuveitandi hennar, B ehf., kt. [...], hafði í gildi hjá stefnda, VÍS tryggingum hf., á slysdagi.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Klöru Óðinsdóttur, sem þykir hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur.

Stefndi greiði 1.500.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Hólmfríður Grímsdóttir